



Ársskýrsla 2013

Heimasíða www.heilbrigdiseftirlitid.is

Austurvegi 65 – 800 Selfoss

Strandvegi 50 – 900 Vestmannaeyjar

Sími 480-8250, Netfang hs@sudurland.is

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
Myndaskrá	1
Töfluskrá	2
1. Inngangur.....	3
2. Hlutverk og uppbygging.....	4
Verkefni.....	8
3. Starfsemi.....	9
Reglubundið eftirlit	9
Málaskrá og umsagnir	10
Samstarf.....	11
Matvælastofnun	11
Umhverfisstofnun.....	11
Hollustuhættir.....	12
Útleiga sumarhúsa/íbúða	12
Leiksvæði og leikvallatæki.....	13
Matvæli.....	14
ESA úttektir.....	15
Vatnatilskipunin	15
Umhverfis- og mengunarvarnir	16
Ný efnalög	17
Fráveitumál.....	17
Niðurstöður loftgæðamælinga	17
4. Sýnataka og niðurstöður	21
5. Fjármál og rekstur	24
6. Lokaord	26

Myndaskrá

Mynd 1. Heilbrigðiseftirlitssvæði á Íslandi	4
Mynd 2. Tengsl heilbrigðiseftirlits	7
Mynd 3. Fjöldi fyrirtækja eftir sviðum, frá 2005-2013	9

Mynd 4. Breyting á fjölda eftirlitsskyldra aðila með starfsleyfi hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.....	10
Mynd 7. Fjöldi afgreiddra starfsleyfa fyrir sumarhús/íbúðir til útleigu	12
Mynd 8. Dæmi um leikvallatæki	13
Mynd 9. Annað dæmi um leikvallatæki	14
Mynd 10. Kick up.....	15
Mynd 11. Merking matvælaumbúða.	15
Mynd 12. Skipting landsins í fjögur vatnsvæði – auðkennd með rauðu.....	16
Mynd 13. Klukkustundarmeðaltal H ₂ S.....	19
Mynd 14. H ₂ S mælingar í Norðlingaholti	19
Mynd 15. H ₂ S mælingar í Hverageði	20
Mynd 16. Samanburður niðurstaðna milli ára	21
Mynd 17. Heildarniðurstöður sýnatöku.....	22
Mynd 18. Niðurstöður baðvatns í %	23
Mynd 19. Niðurstöður fyrir neysluvatn í %	23
Mynd 20 - Kostnaðarskipting sveitarfélaga	24
Mynd 21- Tekjur HES mv. eitt stöðugildi.....	25
Mynd 22 - Kökurit sem sýnir sundurgreiningu kostnaðarliða.....	25

Töfluskrá

Tafla 1. Heilbrigðiseftirlitssvæði á Íslandi með símanúmerum	4
Tafla 2. Ný mál á árinu 2013 eftir málaflokkum.....	10
Tafla 3. Lokin mál á árinu 2013 eftir málaflokkum	11
Tafla 4. Heildarniðurstöður sýnatöku á árinu 2013	21
Tafla 5 – Niðurstöður milli ára í prósentum	22

1. Inngangur

Í þessari árskýrslu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands fyrir árið 2013 er að finna tölfræðilegar upplýsingar um fjölda eftirlitsferða, mála, sýnatökur og fleira. Jafnframt er leitast við að gera grein fyrir helstu verkefnum ársins, hlutverki og uppbyggingu ásamt rekstrarupplýsingum.

Nær skýrslan yfir tímabilið 1. janúar 2013 til 31. desember 2013.

Eftirfarandi er efnisskipting einstakra kafla.

Í **2. kafla** er hlutverki og uppbyggingu heilbrigðiseftirlits á Íslandi lýst auk upplýsinga um Heilbrigðisnefnd Suðurlands og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Jafnframt greint frá helstu verkefnum.

3. kafla er um starfsemina almennt, ma. um reglubundið eftirlit, tölfræðiupplýsingar og undirkafla um helstu svið HES. Í lok kaflans er gerð grein fyrir niðurstöðum loftgæðamælinga.

Í **4. kaflanum** er að finna tölfræðilegar upplýsingar um niðurstöður mælinga og sýnatökur.


Í **5. kafla** er stuttlega farið yfir fjármál og rekstur en ársreikningar og fjárhagsáætlanir fylgja alltaf með í aðalfundargögnum.

Lokaorð eru svo í **kafla 6**

Markmið skýrslunnar er að gera öllum, sem vilja átta sig á uppbyggingu, umfangi og starfsemi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, kleift að nálgast helstu upplýsingarnar á einum stað, þ.e. í árskýrslunni.

2. Hlutverk og uppbygging

Eitt af lögbundnu verkefnum sveitarfélaga er að starfrækja heilbrigðiseftirlit og bera ábyrgð á rekstri þess. Heilbrigðiseftirlit er rekið af sveitarfélögum skv. lögum nr. 7/1998 m.s.br. um hollustuhætti og mengunarvarnir. Skiptist landið í 10 heilbrigðiseftirlitssvæði má sjá þau á neðangreindri mynd, utan skiptingu þriggja svæða sem eru á höfuðborgarsvæðinu. Starfssvæði HES er einkenn með grænum lit.



Mynd 1. Heilbrigðiseftirlitssvæði á Íslandi

Tafla 1. Heilbrigðiseftirlitssvæði á Íslandi með símanúmerum

Heilbrigðiseftirlitssvæði	Símanúmer
Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis (HHK)	550 5400
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER)	411 1111
Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis (HKJ)	525 6795
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands (HVL)	431 2740 / 431 2750
Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða (HVF)	456 7087
Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra (HNV)	453 5400
Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra (HNE)	462 4431
Heilbrigðiseftirlit Austurlands (HAUST)	474 1235
Heilbrigðiseftirlit Suðurlands (HES)	480 8250
Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja (HSN)	420 3288

Heilbrigðiseftirlit er rekið skv. ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s.br. en þar segir m.a., „Ekkert sveitarfélag skal vera án heilbrigðiseftirlits“ og „Landið skiptist í eftirlitssvæði og skal heilbrigðisnefnd, kosin eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar, starfa á hverju svæði“.

Uppbygging heilbrigðisnefnda er bundin í ofangreind lög og skipað í hana eftir sveitarstjórnarkosningar hverju sinni og skal hún starfa út kjörtímabilið. Er það gert á fyrsta aðalfundi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands eftir sveitarstjórnarkosningar.

Sveitarfélögin sem mynduðu Suðurlandskjördæmi standa að Heilbrigðiseftirliti Suðurland og eru aðildarsveitarfélögin 14 talsins og eftirfarandi:

- *Ásahreppur*
- *Bláskógbabyggð*
- *Flóahreppur*
- *Grímsnes- og Graftningshreppur*
- *Hrunamannahreppur*
- *Hveragerðisbær*
- *Mýrdalshreppur*
- *Rangárþing eystra*
- *Rangárþing ytra*
- *Skaftárhreppur*
- *Skeiða- og Gnúpverjahreppur*
- *Sveitarfélagið Árborg*
- *Sveitarfélagið Ölfus*
- *Vestmannaeyjabær*

Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi voru stofnuð árið 2000 og er megin tilgangur þeirra að vera málsvari og samráðs- og samstarfs vettvangur þeirra 10 heilbrigðiseftirlitssvæða sem starfa á vegum sveitarfélaga á Íslandi. Samtökin eru skipuð framkvæmdastjórum heilbrigðiseftirlitssvæðanna og formönnunum heilbrigðisnefnda á landinu öllu.

Í hverri heilbrigðisnefnd eiga sæti 5 fulltrúar auk fulltrúa atvinnurekenda. Yfirlæknir heilsugæslu, skipaður af Landlæknin viðkomandi svæðis starfar einnig með nefndinni með mál frelsi og tillögurétt. Náttúruverndarnefndir sveitarfélaga á eftirlitssvæðinu eiga rétt á að tilnefna fulltrúa sinn í nefndina og er sá fulltrúi án atkvæðisréttar skv. lögnum.

Yfirstjórn eftirlitsins er í höndum heilbrigðisnefndar en heilbrigðiseftirlitið. Þá m. heilbrigðisfulltrúar starfa í umboði nefndarinnar.

Á aðalfundi Heilbrigðiseftirlit Suðurlands 2010 var kosið í nýja heilbrigðisnefnd fyrir kjörtímabilið 2010-2014 og er hún skipuð eftirfarandi aðilum:

Gunnar Porkelsson, formaður	880 Kirkjubæjarklaustur
varam. Eydís Indriðadóttir	851 Hella
Svanborg Egilsdóttir	800 Selfoss
varam. Ólafur Hafsteinn Jónsson	800 Selfoss
Páll Stefánsson	801 Selfoss
varam. Elínborg Ólafsdóttir	810 Hveragerði
Unnsteinn Eggertsson	845 Flúðir
varam. Jóhannes Sveinbjörnsson	801 Selfoss
Valur Bogason	900 Vestmannaeyjar
varam. Sigurhanna Friðþórsdóttir	900 Vestmannaeyjar
Fulltrúi atvinnulífsins:	
Guðmundur Geir Gunnarsson	800 Selfoss
varam. Oddur Árnason	861 Hvolsvöllur
Fulltrúi Landlæknis:	
Pétur Skarphéðinsson	Laugarási, 801 Selfoss

Heilbrigðisnefnd Suðurlands fundar á 4-8 vikna fresti, eftir þörfum og fyrirliggjandi málum hverju sinni. Á árinu 2013 var ákveðið að halda ekki fundi yfir sumarið nema eitthvað kæmi upp á. Á því var ekki þörf.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands hélt á árinu 2013 eftirtalda fundi:

Fundur nr.	dags.
147	18. janúar
148	22. febrúar
149	5. apríl
150	22. maí
151	27. september
152	23. október
153	22. nóvember

Sex starfsmenn eru hjá Heilbrigðiseftirlits Suðurlands í fimm og hálfu stöðugildi. Jafnframt var ráðinn afleysingastarfsmaður yfir sumartímann en sumarið er mikil álagstími hjá embættinu.

Allir starfsmenn hafa réttindi til að starfa sem heilbrigðisfulltrúar. Háskólamennntun starfsmanna er ólík en styður vel við starfið á ólíkan hátt. Slíkt er kostur í jafn fjölbreytu starfi eins heilbrigðiseftirlit er. Mikill reynsla og mannaudur er í starfsmönnum Heilbrigðiseftirlits Suðurlands sem flestir hafa langan starfsaldur að baki.


Starfsmenn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands voru árið 2013 eftirfarandi:

Nafn	starf	Starfshlutfall %	starfsaldur/ár
Elsa Ingjaldsdóttir	framkvæmdastjóri	100	19
Birgir Þórðarson	heilbrigðisfulltrúi	50	20
Sigrún Guðmundsdóttir	heilbrigðisfulltrúi	100	11
Áslaug Rut Áslaugsdóttir	heilbrigðisfulltrúi	100	10
María Berg Guðnadóttir	heilbrigðisfulltrúi	100	8
Stella Hrönn Jóhannsdóttir	heilbrigðisfulltrúi	100	1
Aron Tommi Skaftason	sumarafleysingar	3 máð	

Myndin hér til hliðar sýnir tengsl ofangreindra aðila varðandi heilbrigðiseftirlit.

Heilbrigðiseftirlitið er þó alfarið á ábyrgð sveitarfélaga, bæði rekstrar- og stjórnsýslulega.

Aðkoma ríkisins gegnum tvö ráðuneyti og tvær ríkisstofnanir er sýnd með punktalínu þar sem ekki er um eiginlega valdboðun heldur stjórnun í gegnum laga- og reglugerðarsetningu og samræmingarhlutverks um framkvæmd eftirlits á landsvísu.



Mynd 2. Tengsl heilbrigðiseftirlits

Verkefni

Hér að neðan er samantekt yfir helstu verkefni Heilbrigðiseftirlit Suðurlands:

- Eftirlit og leyfisveitingar – *sjá nánar í kafla 3.*
- Umsagnir v/skipulagsmála, veitinga- og gistileyfa sýslumanna, umhverfismats o.fl. - *sjá nánar í kafla 3.*
- Sýnataka og rannsóknir á neysluvatni, matvælum og umhverfi – *sjá nánar í kafla 4.*
- Vöktun loftgæða og önnur umhverfisvöktun - *sjá nánar í kafla 3.*
- Fræðsla og þjónusta til starfsleyfisskyldra aðila og almennings
- Skráning á framkvæmd eftirlits og niðurstöðum mælinga

Umsagnir af ýmsu tagi er einnig drjúgur hluti daglegra starfa og getur vinna við gerð einstakra umsagna, sérstaklega er varðar umhverfismál og mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, verið mikill og tímafrek. Aðalmarkmið Heilbrigðiseftirlits Suðurlands ár hvert er þó fyrst og fremst að sinna því reglubundna eftirliti sem fyrir liggar á árinu.

Hlutverk Heilbrigðiseftirlits Suðurlands


Að fylgja gildandi lögum um hollustuhætti, matvæli, mengunarvarnir og umhverfismál sem varða starfsemina, sem og reglugerðir settar samkvæmt þeim, samþykktum sveitarfélaga og ákvæðum í sérstökum lögum og reglum sem heilbrigðiseftirliti er eða kann að vera falið að annast framkvæmd á.

Að sjá til þess með reglubundnu eftirliti að eftirlitsskyldir aðilar uppfylli kröfur sem gerðar eru til þeirra. Einnig að hafa eftirlit með umhverfi og öðrum þeim þáttum sem ekki eru eftirlitsskyldir en falla undir lög og reglugerðir sem heilbrigðiseftirliti er ætlað að framfylgja.

3. Starfsemi

Reglubundið eftirlit


Á árinu 2013 var fjöldi eftirlitsskyldra aðila 1257 og eftirlitsferðir vegna þeirra, skv. eftirlitsáætlun alls 795. Til viðbótar eru svo ferðir vegna tilfallandi eftirlits, eftirfylgni vegna athugasemda, kvartana og þess háttar. Fjöldi eftirlitferða getur verið nokkuð mismunandi milli ára og ræðst það helst af ákvörðun um fjölda heimsókna sem hvert fyrirtæki á að fá. Tíðnin getur þannig verið einu sinni á fjögra ára fresti upp í heimsóknir annan hvern mánuð.



Mynd 3. Fjöldi fyrirtækja eftir sviðum, frá 2005-2013

Í árlegri eftirlitsáætlun, sem lögð er fram á fundi heilbrigðisnefndar í upphafi hvers árs, er þannig að finna fjölda heimsókna sem markmiðið er að sinna á árinu. Í upphafi hvers ár liggja því fyrir skilgreint meginmarkmið sem vinna á út frá, auk undirmarkmiða á hvern málaflokk. Megináherslan er, og verður, að sinna reglubundnu eftirliti í fyrirtækjum sem eiga að fá slíkt.

Á tíu ára tímabili hefur verið stöðug aukning eftirlitsskyldra aðila og hefur hún verið að jafnaði 3% milli ára sem þýðir 36% aukningu frá 2005 til 2014. Á sama tíma hefur starfshlutfall einungis aukist um 10%. Reiknað er fastlega með að eftirlitsskyldum aðilum eigi eftir að fjölgja jafnt og þétt næstu árin, sérstaklega ef tekið er mið af vexti ferðapjónustunnar á Suðurlandi.



Mynd 4. Breyting á fjölda eftirlitsskylda aðila með starfsleyfi hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands

Málaskrá og umsagnir

Á töflunum hér á eftir má sjá yfirlit yfir fjölda nýrra og lokinna mála hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands fyrir árið 2013. Þessi mál eru þau mál sem koma inn en eru fyrir utan reglubundið eftirlit, sem almennt er ekki talið til sérstakra mála. Töflurnar sýna líka skiptingu milli einstakra málaflokka og eru þar umsagnirnar með mesta fjöldann. Umsagnir skiptast aðallega í two flokka, annars vegar umsagnir til sýslumanna vegna gisti- og veitingaleyfa og hins vega umsagnir til skipulagsfulltrúa vegna hvers konar skipulagsmála.

Tafla 2. Ný mál á árinu 2013 eftir málaflokkum

	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	Samtals
Óflokkað	2	0	0	1	6	7	4	6	7	2	3	0	38
Almennt mál	9	13	6	9	6	13	15	23	9	14	16	14	147
Afgreiðslumál	3	0	3	5	1	0	0	0	3	0	4	2	21
Ábending	0	1	1	0	0	0	0	0	1	0	0	1	4
Eftirlit	0	0	2	1	3	0	0	0	0	4	0	0	10
Forgangsmál	1	0	0	0	0	0	0	1	1	0	0	0	3
Kvartanir	2	0	0	1	1	0	0	1	0	0	1	0	6
Samningar	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1
Stefnumörkun	1	1	0	1	2	0	0	0	1	1	1	0	8
Trúnaðarmál	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1
Umsagnir	30	14	12	27	34	38	52	11	12	32	21	10	293
Umsóknir	19	7	3	26	24	41	24	12	25	21	12	7	221
Samtals	68	36	28	71	77	99	95	54	59	74	58	34	753

Tafla 3. Lokin mál á árinu 2013 eftir málaflokkum

	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	Samtals
Almennt mál	5	5	2	22	2	6	5	9	3	3	5	6	73
Afgreiðslumál	1	0	0	1	2	0	1	0	0	0	1	1	7
Eftirlit	0	0	1	0	0	0	0	0	0	2	0	0	3
Kvartanir	0	0	0	0	0	0	1	0	0	0	2	0	3
Stefnumörkun	0	1	0	0	2	0	0	0	0	0	4	0	7
Umsagnir	17	11	8	26	18	25	35	10	15	22	25	12	224
Umsóknir	14	7	3	38	17	29	19	11	17	23	12	7	197
Samtals	37	24	14	87	41	60	61	30	35	50	49	26	514

Samstarf

Samstarfsstofnanir Heilbrigðiseftirlits Suðurlands út á við eru fyrst og fremst önnur heilbrigðiseftirlits-svæði, Umhverfisstofnun, Matvælastofnun og embætti skipulags- og byggingarfulltrúa og sýslumanna á svæðinu.

Þrír formlegir vinnuhópar heilbrigðiseftirlitssvæða, Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar eru starfandi. Í samstarfi við Umhverfisstofnun eru starfandi tveir skíkir samstarfshópar, annars vegar um umhverfisgæði og hins vegar um hollustuhætti. Í samstarfi við Matvælastofnun á Heilbrigðiseftirlit Suðurlands fulltrúa í matvælahóp sem fundar reglulega um matvælaeftirlit og málefni þess auk vinnuhóps um gerð á áhættumati matvælafyrirtækja og eftirlitshandbók fyrir heilbrigðiseftirlitssvæðin.

Matvælastofnun

Matvælahópurinn, samanstendur af fulltrúum frá Matvælastofnun og heilbrigðisfulltrúum. Hópurinn fundaði fimm sinnum yfir árið. Tvö eftirlitsverkefni voru á árinu: sýnataka á svínahakki, og upprunamerkingar á grænmeti, stuðst er við gátlista þegar verkefnin eru gerð. Eftirlitsverkefnin eru gerð um leið og heilbrigðisfulltrúar eru í eftirliti hjá viðkomandi fyrirtæki. Niðurstöður eftirlitsverkefnanna má finna á heimasíðu Matvælastofnunar, www.mast.is

Umhverfisstofnun

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands er virkur þáttakandi í samræmingarhópum á sviðum umhverfis- og mengunarháttu og hollustuháttu sem Umhverfisstofnun hefur umsjón með. Á slíkum fundum eru nýjungar/breytingar á löggjöf/reglugerðum kynntar og eftirlit samræmt betur á landsvísu, sem og tilfallandi mál rædd hverju sinni.

Umhverfis- og mengunarvarnahópurinn fundar oftast á mánaðarfresti yfir vetratímann. Eftirlitsverkefni hópsins árið 2013 voru þauleldisbú og var farið á öll loðdýrabú á starfssvæði HES. Skýrsla um niðurstöður verkefnisins hefur enn ekki verið birt.

Efnavöruhópurinn var lítið virkur á árinu 2013 og í kjölfar gildistöku efnalaga nr. 61/2013 var hópurinn formlega lagður niður þar sem ekki var talið að hann hefði formleg verkefni lengur.


Hollustuháttahópurinn fundar að jafnaði mánaðarlega yfir vetratímann og eru flestir þátttakendur með í gegnum síma. Árið 2013 tók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands þátt í samstarfsverkefni UST og heilbrigðiseftirlitssvæði sveitarfélaganna. Öll heilbrigðiseftirlitssvæði á landinu tóku þátt í verkefninu sem að bar heitið; *Eftirlitverkefni með gæðum baðvatns og öryggi á sund- og baðstöðum 2013*. Var um sambærilegt verkefni að ræða og gert var árið 2008, en gátlistum hafði þó verið breytt með tilkomu nýrrar reglugerðar fyrir sund- og baðstaði árið 2010. Niðurstöður eftirlitsverkefnisins voru jákvæðar að því leiti að mælingar og skráningar á klórgildum, sýrustigi og hitastigi baðvatns hafa aukist og batnað. Auk þess sem að fleiri laugarverðir, eða 96,6% í 126 laugum, höfðu staðist hæfnispróf á meðan einungis 74% laugarvarða höfðu staðist sambærilegt hæfnispróf árið 2008. Öryggisbúnaður á sund- og baðstöðum í laugum í A-flokk (laugar eru flokkaðar niður eftir hreinsikerfi lauga) eru almennt með meira af öryggisbúnaði heldur en laugar í flokki B og C, sem er óásættanlegt þar sem sömu öryggiskröfurnar eru gerðar til allra lauga óháð flokkun þeirra. Minnt er á að það er á ábyrgð eiganda/rekstaraðila að sjá til þess að allar öryggiskröfur séu samkvæmt reglugerð og þær kröfur sem gerðar eru í reglugerð eru lágmarkskröfur. Niðurstöðurnar verkefnisins má nálgast í heild sinni á http://www.ust.is/library/Skrar/utgefid-efni/Annad/Eftirlitsverkefni%202013_150814_Lokaútgáfa.pdf.

Hollustuhættir

Fyrirtæki á sviði hollustuháttu eru fyrirtæki sem falla undir reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti og reglugerð nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum. Fyrirtæki sem falla undir þetta svið eru gististaðir (fjallaskálar, farfuglaheimili, hótel o.s.frv.), menntastofnanir, sund- og baðstaðir, samkomuhús, meindýraeyðar, leiksvæði, snyrtistofur og skyld starfsemi o.fl. Eins er tilfallandi eftirlit á þessu sviði ma. vegna húsnæðisúttekta og skipaskoðana.

Útleiga sumarhúsa/íbúða

Það sem einkenndi árið 2013 var aukning í fjölda starfleyfa hjá sumarhúsum/útleigu íbúða í vikuleigu eða skemur. Búast má við aukningu á þessu sviði næstu ár. Rekja má þessa aukningu á fjölda starfsleyfa vegna átaks hjá ríkisskattstjóra en við það sótti fólk um gistiþeyfi til sýslumanns. Embætti sýslumanns kallað svo



Mynd 5. Fjöldi afgreiddra starfsleyfa fyrir sumarhús/íbúðir til útleigu

eftir umsögnum frá byggingarfulltrúa, brunavörnum, vinnueftirlitinu og heilbrigðiseftirlitinu. Til þess að heilbrigðiseftirlitið geti veitt gististaðnum jákvæða umsögn verður viðkomandi aðili að sækja um starfsleyfi fyrir gististaðnum sínum.

Mynd nr. 7 sýnir þá gríðarlegu aukningu sem hefur orðið í afgreiðslu starfsleyfa til sumarhúsa/íbúða til leigu, en árið 2013 voru 21 starfsleyfi afgreidd til eiganda sumarhúsa eða fólks sem leigir út íbúðir í skammtíma leigu. Þessi eru nokkrar starfsleyfisumsóknir eftir óafgreiddar. Algengasta ástæðan er að fylgigögn sem eiga að fylgja starfsleyfisumsóknum liggja ekki fyrir s.s. samþykki byggingarnefndar og lítil hvöt/þvingun fyrir fólk að fylgja málum sínum eftir. Eftirlit með starfsemi sem þessari er á fjögurra ára fresti nema annað kalli á úttekt. Í slíkum eftirlitum er húsakostur skoðaður m.t.t. hollustuhátt og kröfur gerðar um merkingar og umgengisreglur þar sem við á, m.a. þar sem boðið er upp á setlaugar og baðstofur. Eftirlit með sumarhúsum/íbúðarleigu krefst tímafreks undirbúnings, þ.e. mæla þarf móti við eigandann/umsjónarmann þar sem sjaldnast er hægt að renna við og fá að skoða sumarhúsið/íbúðina. Því má segja að um tímafrekt einfalt eftirlit sé að ræða.

Leiksvæði og leikvallatæki.

Þrátt fyrir miklar umræður og upplýsingagjöf embættisins í eftirliti um mikilvægi þess að hafa leiktæki á opnum leiksvæðum sem að uppfylla gildandi kröfur, er algengt að leiktæki á leiksvæðum uppfylli ekki staðla og gildandi kröfum. Nokkrar ástæður liggja þar að baki. Algengast er þó að fólk þekki ekki kröfur reglugerða til leiksvæða og leikvallatækja. Stundum fá einstaklingar/fyrirtæki gefins úrelt tæki og setja þau upp hjá sér, í einstaka tilfellum hefur tækið gengið úr sér á viðkomandi leiksvæði. Þennan ástæðan er að leiktækið hefur ekki hlutið viðhald og drabbast niður. Önnur ástæða eru heimagerð leiktæki. Í eftirliti er gerðar athugasemdir við þessi leiktæki, farið er fram á að þau séu löguð, ef það er hægt, og í verstu tilfellum fjarlægð (sjá mynd 8).

Neytendastofa (áður löggildingastofa) hefur eftirlit með að leikvallatæki á markaði uppfylli settar reglur um öryggi leikvallatækja. Vilji fólk/rekstraraðili fá heimagerd leikvallatæki vottað þarf að snúa sér að Neytendastofu. Slíkt kollar á vinnu þar sem teikningar um burðarvirki leikvallatækisins o.fl. þurfa að liggja fyrir – Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur ekki vitneskju um að neinn hafi farið þessa leið. Svokölluð *Húsasmíðju-* og *Byko-* leiktæki uppfylla ekki kröfur sem gerðar eru til leiktækja á opnum leiksvæðum þar sem að burðarvirki þeirra leiktækja eru ekki gerð fyrir þann atgang sem þar getur orðið.



Mynd 6. Dæmi um leikvallatæki



**Mynd 7. Annað dæmi um
leikvallataeki**

Í eftirliti með leiktækjum og opnum svæðum er stuðst við reglugerð nr. 942/2002 um öryggi leikvallataeki og leiksvæða og eftirlit með þeim, og þeim stöðlum sem að henni fylgja. Markmið reglugerðarinnar er að stuðla að öryggi barna og annarra með því að tryggja að leikvallataeki og leiksvæði séu hönnuð, frágengin og þeim viðhaldið á öruggan og viðurkenndan hátt. Rétt er að minna á að það er á ábyrgð eiganda/rekstaraðila að sjá til þess að þeirra leiksvæði uppfylli kröfur – reglulegt eftirlit er nauðsynlegt með tækjunum þar sem að þau geta bilað, orðið fyrir skemmdaverkum og börn stundum breytt og fært til hluti á leiksvæðinu.

Matvæli

„*Matvælafyrirtæki er fyrirtæki eða einstaklingur sem rekur starfsemi í tengslum við framleiðslu, vinnslu eða dreifingu matvæla á einhverju stigi, hvort sem það starfar í ágóðaskyni eður ei, og hvort sem það er einkarekið eða opinbert fyrirtæki.*“ Sbr. lög nr. 93/1995 um matvæli. Heilbrigðiseftirlit gefur út starfsleyfi og hefur eftirlit með framleiðslu og dreifingu matvæla. Dæmi um slík fyrirtæki eru vatnsveitur, garðyrkjastöðvar með pökkun, veitingastaðir, og kjötvinnslur í smásölu. Fjöldi matvælafyrirtækja í lok árs 2013 er 393 sem er svipaður fjöldi og árið á undan. Samkvæmt matvælalöggjöfinni sem tók gildi í upphafi árs 2010 skal matvælaeftirlit vera áhættumiðað og hefur Heilbrigðiseftirlit Suðurlands tekið upp nýja starfshætti í samræmi við það. Megináherslan er lögð á skoðun á innra eftirlit hjá fyrirtækinu sjálfu, ásamt skoðun á aðstöðu og búnaði, með áherslu á að rekstaraðilinn beri ábyrgð á sinni starfsemi.

Innra eftirlit matvælafyrirtækja skal vera byggt á grunnreglum HACCP. Umfang skal vera í samræmi við stærð og eðli hverrar starfsemi fyrir sig. Leiðbeiningar til að setja á fót og innleiða innra eftirlit er að finna á heimasíðu Matvælastofnunar ásamt sýnishorni af innra eftirliti sem lítil matvælafyrirtæki geta hlaðið niður og aðlagað sinni starfsemi <http://mast.is/matvaeflastofnun/innra-eftirlit/>. Flóknari fyrirtækjum er bent á að leita sér aðstoðar hjá fagaðilum. Samtök starfsgreina hver á sínu sviði hafa verið hvött til að koma upp handbókum um innra eftirlit til að auðvelda fyrirtækjum slíka innleiðingu líkt og gert hefur verið í nágrannalöndum okkar.

Sýnataka á neysluvatni er hluti af eftirliti með vatnsveitum. Fjöldi vatnsveitna með starfsleyfi er um 140, flest eru einkavatnsból, en 11 vatnsveitur eru reknar á vegum sveitarfélaga. Öll sveitarfélög á

Suðurlandi sem reka vatnsveitir á svæðinu eru með starfsleyfi, en nokkuð vantar enn upp á að virku innra eftirliti hafi verið komið á s.s. kortlagningu lagna sem er hluti af innra eftirliti. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur bent stjórnendum sveitarfélaga á skyldur varðandi neysluvatn m.a. gagnvart stórum matvælafyrirtækjum og ítrekað nauðsyn þess að tryggja notendum

öruggt og heilnæmt neysluvatn og uppfylla kröfur í reglugerðum sem nær til málaflokkssins.

Merkingar matvæla eru hluti af verkefnum heilbrigðiseftirlits, bæði hjá framleiðslufyrirtækjum og vörum á markaði. Sem dæmi um slíkt mál má nefna innköllun á „Kick up“ sem var sett á markað í byrjun árs 2013 fyrir 16 ára og eldri. Um var að ræða vöru sem líkist munntóbaki í grisjupokum og ætlað til að setja undir vör lfkt og munntóbak. Innihaldið aðallega vítamín og koffín. Ágreiningur var um það milli innflyttjanda og eftirlitsaðila hvernig varan væri skilgreind, en niðurstan var sú að þetta væri fæðubótarefnni sem ekki væri heimilt að markaðssetja, vegna innihalds koffeins.

Eftirlit með efnum og hlutum sem komast í snertingu við matvæli er einnig hluti af eftirliti með matvælafyrirtækjum. Þá er bæði um að ræða umbúðir hvers konar fyrir matvæli og einnig áhöld og búnað sem ætlað er að snerta matvæli, s.s. einnota hanskar sem þurfa að vera viðurkenndir til að nota við matvæli.

ESA úttektir


Úttektir á vegum eftirlistsstofnunar ESA eru yfirleitt 2-4 á landsvísu en Heilbrigðiseftirlit Suðurlands lenti í einu slíku úrtaki á árinu 2013, um neysluvatn. Kröfur eru til vatnsveitna eru samkvæmt lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir hvað varðar vatnsverndarsvæði. Skýrslu ESA varðandi neysluvatnsúttektina er hægt að lesa á vefnum <http://www.eftasurv.int/media/reports/669962.pdf>.

Vatnatilskipunin

Árið 2011 var rammatilskipun Evrópusambandsins um verndun vatns innleidd hér á landi með nýum lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Í kjölfarið fylgdu tvær reglugerðir, nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun og nr. 935/2011 um stjórn vatnamála.




Mynd 8. Kick up



Mynd 9. Merking matvælaumbúða.

Samkvæmt þessu er landinu skipt upp í fjögur vatnasvæði (sjá mynd 12) og eru vatnasvæðanefndir í þeim nokkuð fjölmennar meðan verið er að afla upplýsinga um ástand vatnamála á Íslandi. Sveitarfélögin eiga fulltrúa á þeim svæðum sem þeim tilheyra og er hægt að sjá nánar á vefnum hlutverk þeirra, sjá



Mynd 10. Skipting landsins í fjögur vatnasvæði – auðkennd með rauðu

<http://www.ust.is/einstaklingar/haf-og-vatn/stjorn-vatnamala/sveitarfelog/>.

Á vef Umhverfisstofnuna má finna frekari fróðleik um vatnatilskipunina. Þar er einnig hægt að komast inn á vatnavefsjá sem er kort þar sem ætlunin er að setja inn upplýsingar um vatnsverndarsvæði, jarðvegsþekju, ástand vatns og margt fleira.

Umhverfis- og mengunarvarnir

Undir umhverfis- og mengunarvarnir fellur eftirlit og starfsleyfagerð vegna starfsemi t.d. verkstæða, bensín- og olíuafgreiðslustöðva, gámastöðva, margvíslegra framleiðslustaða, fiskvinnsla, sláturhúsa, hreinsistöðva frá veitumannvirkja, vatnsafls- og varmavirkjana o.fl. auk hins almenna umhverfiseftirlits og umsagna um margvíslega þætti m.a. skipulagsmál og umhverfismat vegna framkvæmda.

Eftirlitsskyldir aðilar á umhverfis- og mengunarvarnasviði voru 321 árið 2013 sem er svipaður fjöldi og árið 2012.

Helstu laga- og reglugerðaþættir sem þessu starfi fylgja eru lög nr 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit, lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, svo eithvað sé nefnt.

Ný efnalög töku gildi 2013. Markmið nýju laganna var að tryggja að meðferð á efnunum og efnablöndum valdi hvorki tjóni á heilsu né umhverfi, auk þess að uppfylla skuldbindingar Íslands varðandi frjálst flæði vöru á Evrópska efnahagssvæðinu.

Ný efnalög

Með gildistöku þeirra varð margvísleg breyting á fyrirkomulagi eftirlits með efnavöru. Ríkari áhersla var lögð á eftirlit með innflutningi og framleiðslu efna og efnavöru en eftirliti í smásölu. Eftirlit með efnavöru og eiturefnum verður því fyrst og fremst í höndum Umhverfisstofnunar frá og með 1. janúar 2014. Jafnframt voru gerðar breytingar á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, að verslanir „*með vörur sem innhalda hættuleg efni og eiturefni*“ og „*með fegrunar- og snyrtiefnii*“ voru feldt út sem starfsleyfisskyld fyrirtæki hjá HES á grundvelli efnalaga. Hins vegar hefur einföldun ekki átt sér stað á öðrum reglugerðum samhliða og því er einföldunin í raun engin eða í versta falli meira flækjustig með fleiri eftirlitsaðilum.

Fráveitumál

Á árinu var unnið að endurbótum á fráveitumálum Selfoss og er þeim ekki lokið. Þó nokkur fjölmíðlaumfjöllun varð um það mál. HES vann að tveimur skýrslum vegna fráveitu fyrir sveitarfélögin, önnur var fyrir Ölfus með sýnatöku úr sjó og hin var gerð fyrir Ytri Rangá.

Yfirlit yfir fráveitumál á Suðurlandi var unnið fyrir Heilbrigðisnefnd Suðurlands á árinu 2013 og var það nokkurs konar stöðuskýrsla um ástand hvers sveitarfélags.

Landgræðsla ríkisins, í samvinnu við Hrunamannahrepp, var með tilraunaverkefni um nýtingu seyru til uppgräðslu á afmörkuð svæði afréttarins. Tókst verkefnið vel og er það von HES að framhald geti orðið á nýtingu seyru sem áburðar.

Niðurstöður loftgæðamælinga

Eins og undanfarin ár hefur Heilbrigðiseftirlit Suðurlands haft eftirlit með fjórum loftgæðamælum vegna útblásturs brennisteinsvetnis frá Hellisheiðarvirkjun og Nesjavallavirkjun.

Loftgæðamaðlar eru í eigu Orkuveitu Reykjavíkur eru staðsettir í Norðlingaholti, í Hveragerði, á Hellisheiði og á Nesjavöllum. Verkfræðistofan Vista hefur umsjón með ofangreindum mælum, þ.e. daglegum rekstri og kvörðunum, og Nýsköpunarmiðstöð Íslands hefur umsjón með yfirferð og leiðréttingu gagna.

Í gildi er samræmd verklagsregla, sem gefin er út af Umhverfisstofnun, OR, LV og HS-Orku um úrvinnslu gagna úr H₂S loftgæðamælum.

Í ofangreindri verklagsreglu kemur fram að til að ársmeðaltalsmæling teljist áreiðanleg skal viðkomandi mælitæki hafa mælt á viðkomandi mælistað a.m.k. 90% af almanaksárinu. Ef mælingar liggja niðri vegna óviðráðanlegra orsaka til lengri tíma skal einungis birta mánaðarmeðaltöl fyrir mælda mánuði.

Frummælingar gagna þarfnað lagfæringa af ýmsum ástæðum. T.d. þarf að fjarlægja mælingar sem eru rangar eða vafasamar, t.a.m. þær mælingar sem skráðar eru á meðan kvörðun stendur. Þá þarf að fella mælingar að núll-línu (grunnlínu), en öll mælitæki hafa tilhneigingu til einhvers reks frá núll-línu yfir

lengra tímabil. Þar sem verið er að mæla á míkróskala má segja að mælistöðvarar séu viðkvæmar og þarfnað mælingarnar „umhyggju“ til að vera sem nákvæmastar.

Skal fyrirtækið uppfylla eftirfarandi kröfur um leyfilega losun brennsteinsvetnis skv. reglugerð nr. 514/2010 um styrk brennsteinsvetnis í andrúmslofti:

- Styrkur hlaupandi 24 klst. meðaltals má 5 sinnum á ári fara yfir $50\mu\text{g}/\text{m}^3$.
- Ársmeðaltal má ekki fara yfir $5\mu\text{g}/\text{m}^3$.
- Tilkynna skal almenningi með formlegum hætti þegar styrkur brennsteinsvetnis í andrúmslofti hefur að meðaltali verið yfir $150\mu\text{g}/\text{m}^3$ í þrjár klukkustundir samfellt.

Klukkustundarmeðaltal er reiknað sem meðaltal 10 mínútna mælinga hverrar klukkustundar.

Hlaupandi 24 klst. meðaltal er reiknað hverju sinni sem meðaltal núverandi klukkustundarmeðaltals og 23 klukkustundarmeðaltals næst á undan.

Ársmeðaltal er reiknað sem meðaltal allra klukkustundameðaltala ársins.


Árið 2013 var uppitími mælitækja í Norðlingaholti 99,9% og í Hveragerði 97,6%. Því eru frummælingar til útreiknings ársmeðaltals á báðum stöðum taldar áreiðanlegar.

Hlaupandi 24 klst. meðaltal fór einu sinni yfir $50\mu\text{g}/\text{m}^3$ á árinu, en það var í Norðlingaholti þann 31. janúar kl. 15:00.


Ársmeðaltal ársins 2013 í Norðlingaholti var $4,3\mu\text{g}/\text{m}^3$ en $4,2\mu\text{g}/\text{m}^3$ í Hveragerði.

Styrkur brennsteinsvetnis í andrúmslofti fór aldrei yfir tilkynningamörk ($150\mu\text{g}/\text{m}^3$ í 3 klst. samfellt) á árinu, eins og lesa má út úr mynd 13.


Útblástur brennsteinsvetnis frá virkjunum Orkuveitu Reykjavíkur á Hellisheiði og á Nesjavöllum var því innan þeirra marka sem sett eru í ákvæðum reglugerðar nr. 514/2010 um styrk brennsteinsvetnis í andrúmslofti.



Mynd 11. Klukkustundarmeðaltal H₂S




Mynd 12. H₂S mælingar í Norðlingaholti



Mynd 13. H₂S mælingar í Hverageði

4. Sýnataka og niðurstöður

Árið 2013 voru 320 sýni tekin í eftirlitsferðum Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, sem er ívið fleiri sýnatökur en undanfarin ár. Sýnatökur eru hluti af daglegum störfum heilbrigðisfulltrúa og eru langflestar teknar í reglubundu eftirliti. Standist sýni ekki þær gæðakröfur sem til þeirra eru gerðar er málínu fylgt eftir með eftirfylgni og endurtekningu á sýnatökum.



Mynd 14. Samanburður niðurstaðna milli ára

Tafla nr. 4 sýnir hvernig niðurstöður koma út á milli mismunandi flokka. Í töflu nr. 5 má síðan sjá heildarsamanburð niðurstaðna milli ára í prósentum.


Tafla 4. Heildarniðurstöður sýnatoku á árinu 2013

	Ekki metið	Fullnægjandi	Ófullnægjandi	Alls
Neysluvatn	1	128	26	155
Mjólkurís	11			11
Baðvatn		73	21	94
Yfirborðsvatn/skólp	47			47
Matvara	3	3		6
Klaki	2			2
Önnur sýni	5			5
Samtals	69	204	47	320


Tafla 5 – Niðurstöður milli ára í prósentum

	Ekki metið	Fullnægjandi	Ófullnægjandi
2001	21,8	55,4	22,8
2002	15,8	39,6	44,6
2003	17,3	60,1	22,6
2004	2,5	74,1	23,5
2005	2,8	72,8	24,4
2006	7,8	75,9	16,3
2007	12,1	65,2	22,7
2008	5,9	75,0	19,1
2009	22,8	61,4	15,8
2010	13,9	69,4	16,7
2011	21,6	63,8	14,7
2012	13,9	69,4	16,7
2013	21,6	63,8	14,7


Kökuritin hér á eftir sýna hlutfallslega skiptingu niðurstaðna í mismunandi flokkum. Á mynd 15 má sjá heildarniðurstöður allra tegunda sýna sem tekin voru á árinu 2013. Hátt hlutfall sýna sem er ekki metið skýrist af því að viðmiðunargildi eru ekki skýr í reglugerðum. Að stærstum hluta er um að ræða umhverfissýni og úr fráveitu. Mynd 16 sýnir hlutfall fullnægjandi baðvatnssýna á árinu 2013 og á sama hátt má sjá á mynd 17 heildarniðurstöður neysluvatnssýna. Er þar um að ræða öll neysluvatnssýni sem skýrir hátt hlutfall ófullnægjandi sýna.



Mynd 15. Heildarniðurstöður sýnatöku



Mynd 16. Niðurstöður baðvatns í %




Mynd 17. Niðurstöður fyrir neysluvatn í %

5. Fjármál og rekstur

Tekjur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands koma að mestum hluta frá eftirlitsskyldum aðilum annars vegar og frá aðildarsveitarfélögum. Í ársreikningi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands fyrir árið 2013 kemur fram að reksturinn hafi skilað tæpum fjórum milljónum meira í afgang en áætlað var. Skýrist það fyrst og fremst af auknum eftirlitstekjum ma. vegna fjölgunar fyrirtækja.

Hlutfallslegt framlag sveitarfélaga í rekstri Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er 25% og hefur farið lækkandi undanfarin ár. Fyrir 10 árum var framlag sveitarfélaganna 47% af rekstri Heilbrigðiseftirlitsins. Skipting kostnaðar milli aðildarsveitafélaga ræðst af íbúafjölda og miðaðist framlagið við 729 kr. á hvern íbúa.




Mynd 18 - Kostnaðarskipting sveitarfélaga

Kostnað hvers aðildarsveitarfélags má sjá á mynd 18 hér að ofan.


Þess má geta að með setningu viðmiðunargjaldskrár Umhverfisráðuneytis á sínum tíma, var almennt talið eðlilegt að sveitarfélög bæru allt að 40% af rekstri heilbrigðiseftirlits með beinum framlögum.

Á neðangreindri skýringarmynd má sjá hlutfall tekna á bak við hvert stöðugildi heilbrigðiseftirlitsins á nokkra ára tímabili. Á vinstri ás eru tekjur í krónum, með tilheyrandi línuriti og hægri ás sýnir fjölda stöðugilda með tilheyrandi súlum og á x-ásnum eru ártölin. Hækjun tekna bak við hvert stöðugildi er eingögnu skýrt með auknum fjölda fyrirtækja á bak við hvern starfsmann.



Mynd 19- Tekjur HES mv. eitt stöðugildi

Stærstu kostnaðarliðir Heilbrigðiseftirlits Suðurlands eru launakostnaður upp á 70%, rekstarkostnaður (að undanskildum bifreiða-, tölву-, húsnaðis- og rannsóknakostnaði) 9% og aðkeypt þjónusta er 6%. Húsnæðiskostnaður hefur lækkað verulega samhliða því sem aðkeypt þjónusta hefur aukist en við flutninga úr húsnæði SASS fél húsaleiga niður en að sama skapi var áfram keypt þjónusta frá SASS við bókhald og símsvörun. Á kökuritinu hér að neðan má sjá frekari skiptinu kostnaðarliða.



Mynd 20 - Kökurit sem sýnir sundurgreiningu kostnaðarliða

Frekari upplýsingar um fjármál og rekstur er að finna í ársreikningi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og aðalfundargögnum.

6. Lokaorð

Heilt yfir var árið 2013 gott, starfsemin í föstum skorðum og verkefnin óþrjótandi. Rekstur embættisins var góður og afkoman mun betri en áætlað var. Framkvæmdastjóri fór í launalaust þriggja mánaða leyfi á árinu og starfsmenn héldu á meðan uppi merkjum HES með sóma.

Góð samvinna milli eftirlits og fyrirtækja er okkur mikils virði. Við teljum okkur vera að sjá jafnan og góðan árangur af slíkri samvinnu í bættum heilbrigðis-, mengunar- og umhverfismálum. Bestu störfin vinnum við tíðindalaust með slíkri samvinnu. Því miður virðast það frekar vera neikvæðu málín sem fanga athygli annarra. Það þykir okkur verra.

Þessari ársskýrslu er ætlað að gefa góða mynd af verkefnum og rekstri stofnunarinnar. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu okkar, www.heilbrigdiseftirlitid.is

Að lokum ber að þakka fyrir gott samstarf við eftirlitsþega, stofnanir, sveitarfélög og almenning og hlökkum til að takast saman á við verkefni nýs árs.

Selfossi, janúar 2014,
Elsa Ingjaldardóttir